# Kennsluáætlun

Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

## Kennsluáætlun

**Námsgrein: Textílmennt**

**Bekkur/hópur: 4. bekkur**

**Kennari: Kristín Karólína Bjarnadóttir**

**Tímabil: ágúst - maí 2025**

# Hæfniviðmið

Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar aðalnámskrár eru lögð til grundvallar

**Handverk, aðferðir og tækni**

* notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum
* unnið úr nokkrum gerðum textílefna
* unnið eftir einföldum leiðbeiningum

**Sköpun, hönnun og útfærsla**

* tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu
* skreytt textíl vinnu á einfaldan hátt
* gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni
* leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum

**Menning og umhverfi**

* sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt
* sagt frá nokkrum tegundum textílefna
* fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna
* Notað ný og endurunnin efni í textíl vinnu

# Námsmat

Metið er út frá þeim forsendum að nemandi geti sýnt frumkvæði og þor, gert tilraunir í textíl og valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni. Beitt  fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa á sjálfstæðan hátt verk byggð á eigin hugmyndum, útskýrt og rökstutt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki. Lýst, greint og rætt inntak eigin verka og annarra, sett í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og beitt markvisst orðaforða og hugtökum í textíl. Gert grein fyrir fjölbreyttu hlutverki textíl í menningar- og atvinnulífi samfélagsins

Stuðst er við leiðsagnarmat sem felst í reglulegri og uppbyggilegri endurgjöf og fer aðallega fram í samtölum nemanda og kennara. Kennari leiðbeinir nemanda á meðan á námi hans stendur. Með leiðsagnarmati gefur kennari nemendanum upplýsingar um það sem hann getur nýtt sér til þess að bæta nám sitt jafnóðum. Það miðast við hvern einstakling og hans þarfir.

## ágúst - október

| Verkefni | Aðferð | Markmið |
|---|---|---|
| Kynnast saumavélinni | Læra á saumavél | * læra að þræða saumavél<br>*Læra umgengni um saumavél |
| Saumað með engum Tvinna | Saumað í blað | *æfa sig að sauma í saumavél<br>* læra að fara áfram og aftur á bak<br>* Læra að gera ýmis spor |

## nóvember-janúar

| | | |
|---|---|---|
| Fjölnota innkaupapoki | Búa til innkaupapoka með mynd. Skissað upp mynd, máluð á efni og sauma saman. | *Læra að taka upp snið<br>* æfa sig að mæla og klippa<br>*skreyta<br>*saumað saman |

## Febrúar-mars

| | | |
|---|---|---|
| Svunta | Tekið upp snið af svuntu og síðan saumuð saman | *Vinna sjálfstætt á saumavél<br>* geta tekið upp snið<br>* geta farið eftir leiðbeiningum |

## apríl/maí

| | | |
|---|---|---|
| Val um að:<br>-Sauma út<br>-Sauma í saumavél<br>-Læra að prjóna | Sauma út mynd, Gera fígúru í saumavél eða læra grunn í prjóni | *þjálfa sig í að þræða nál og æfa fínhreyfingar<br>*Þjálfast á saumavél<br>* Grunnþjálfun í prjóni |